

Yfirtökutilboð til hluthafa í Samherja hf.

Fjárfestingafélagið Fylkir ehf. býður hluthöfum Samherja hf. að kaupa hlutabréf þeirra í félaginu á genginu 12,1 krónur fyrir hlut.

Tilboðsgjafi

Tilboðsgjafi er **Fjárfestingafélagið Fylkir ehf.**, kt. 440405-1340, Glerárgötu 24, Akureyri. Tilboðsgjafi, eigendur þess og fjárhagslega tengdir aðilar hafa gert með sér samkomulag um stjórnun og rekstur Samherja hf. Af 31. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti leiðir að aðilar sem gera með sér samkomulag um stjórnun hlutafélags, sem skráð er á skipulegum verðbréfamarkaði og ráða samanlagt 40% atkvæðisréttar í því, er skylt að gera öðrum hluthöfum yfirtökutilboð. Tilboð þetta er sett fram í samræmi við ákvæði laganna. Framangreindir aðilar sem standa að yfirtökutilboði þessu eru hér nefndir einu nafni yfirtökuaðilar.

Eignarhlutur yfirtökuaðila og fjárhagslega tengdra aðila nemur í dag samanlagt 1.375.586.321 kr. að nafnverði eða 82,87%. Fjárfestingafélagið Fylkir á 33,63% hlut í Samherja hf. Fjárfestingafélagið Fylkir ehf. er einkahlutafélag í eigu Kristjáns Vilhelmssonar, kt. 130854-3039, sem á 16,05% hlut í Samherja hf., Þorsteins Mús Baldvinssonar, kt. 071052-4359, sem á 15,69% hlut, Blika ehf., kt. 680198-2339, sem á 5,42% hlut, Fjárfestingafélagsins Fjarðar ehf., kt. 551199-3129, sem á 4,64% hlut, Tryggingamiðstöðvarinnar hf., kt. 660269-2079, sem á 4,52% hlut og F-15 sf., kt. 610297-3159, sem á 1,58% hlut. Einnig er Finnþogi A. Baldvinsson, kt. 011161-3169, sem á 0,24% hlut aðili að ofangreindu hluthafasamkomlagi. Að auki eiga fjárhagslega tengdir aðilar 1,09% hlut í Samherja hf.

Umsjónaraðili

Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka hf. (KB banka) hefur umsjón með gerð tilboðsins fyrir hönd tilboðsgjafa.

Félag og hlutir sem tilboðið tekur til

Tilboðið tekur til allra hluta í Samherja hf., kt. 610297-3079, Glerárgötu 30, Akureyri, sem ekki eru í eigu Fjárfestingafélagsins Fylkis ehf. eigenda þess og fjárhagslega tengdra aðila.

Tilboðsverð

Verð samkvæmt tilboði þessu er 12,1 króna fyrir hvern hlut. Er það hæsta verð sem yfirtökuaðilar hafa greitt fyrir hluti í Samherja hf. á síðustu sex mánuðum áður en tilboðsskylda þeirra stofnaðist.

Gildistími tilboðs

Tilboð þetta gildir frá kl. 9.00 þriðjudaginn 26. apríl 2005 til kl. 16.00 þriðjudaginn 5. júlí 2005. Til að samþykkja tilboðið geta hluthafar haft samband við verðbréfaráðgjafa KB banka í síma 444-7000 eða sent þar til gert framsaleyðublað útfyllt og undirritað til Fyrirtækjaráðgjafar KB banka, Borgartúni 19, Reykjavík. Fyrir hönd Fjárfestingafélagsins Fylkis ehf. mun KB banki halda úti tilboðum skv. yfirtökutilboði þessu í viðskiptakerfi Kauphallar Íslands hf. á meðan yfirtökutilboðið gildir.

Afskráning

Yfirtökuaðilar munu fara þess á leit við stjórn Samherja hf. að hún óski eftir því að hlutabréf félagsins verði afskráð úr Kauphöll Íslands hf. eftir að yfirtökutilboðið rennur út.

Nánari upplýsingar veita verðbréfaráðgjafar KB banka í síma 444-7000.

Tilboðsýfirlit og framsaleyðublað má nálgast hjá Fyrirtækjaráðgjöf KB banka, Borgartúni 19 í Reykjavík og hjá Ráðgjöf KB banka að Austurstræti 5 og Ármúla 13 í Reykjavík. Einnig má nálgast tilboðsýfirlitið á vefsíðu bankans, www.kbbanki.is, og í fréttakerfi Kauphallar Íslands hf. á heimasíðu hennar, www.icex.is.



KB BANKI



SAMHERJI HF